

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

I.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bandalags háskólamanna um frv til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

II. Meginefni frumvarpsins

Frumvarp þetta, ef samþykkt verður, markar án vafa mikilvæg tímamót í starfsemi lífeyrissjóða í landinu. Allan síðasta áratug og það sem af er þessum hefur verið tekist á um það hvernig rammalöggjöf um starfsemi lífeyrissjóðanna á að líta út. Þar hafa tekist á alls kyns hagsmunir, m.a. meintir hagsmunir launamanna og atvinnurekenda, opinberra starfsmanna og annarra, o. sv. frv. Nú hafa á skömmum tíma tekist sögulegar sættir í lífeyrismálunum:

- a) Annars vegar með samningi milli heildarsamtaka opinberra starfsmanna og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins um fyrirkomulag lífeyrismála sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga sem áður nefndist Lífeyrissjóður hjúkrunarkvænna.
- b) Hins vegar með sátt í lífeyrisnefnd milli ASÍ, VSÍ o. fl. um efni þessa frumvarps.

Frumvarpið byggir í meginatriðum á eftirfarandi:

1. **Skylduaðild** að lífeyrissjóðunum verður lögbundin meginregla fyrir alla launamenn og sjálfstætt starfandi og ákvæði sett um eftirlit með þessari aðildarskyldu.
2. **Lágmarkstryggingarvernd** allra lífeyrissjóða verður lögbundin og miðast við að veita rétt til ellilífeyris sem nemur a.m.k. 1,4% á 40 ára tímabili (56%) af meðallaunum, og ennfremur örorkulífeyri, makalífeyri og bamalífeyri.
3. **Valfrelsi** verður að vissu marki um réttindaöflun umfram lágmarkstryggingarvernd skv. nánari ákvörðun í hverjum lífeyrissjóði.
4. **Sjálfstæði** lífeyrissjóðanna verður lögfest og skilgreint.

5. Lífeyrissjóðir verða að byggja á söfnunarkerfi og lögfest sú skylda að haga réttindum í samræmi við eignir.
6. **Fjármálastjórn** lífeyrissjóðanna og innra eftirlit verða skilgreind og lögfest.
7. **Lágmarksstærð** lífeyrissjóða í framtíðinni verður ákveðin með lögum og starfandi lífeyrissjóðir verða að afla sér starfsleyfis til að fá að starfa áfram.
8. Lífeyrissjóðum með ábyrgð launagreiðenda verður lokað en leyft að starfa áfram vegna þeirra sjóðfélaga sem í þeim eru.
9. Ráðstafanir eru gerðar til að tryggja rétttaka til hlutdeildar í lífeyrisrétti sjóðfélaga og eiga þær að taka gildi eigi síðar en 1.5.1999.
10. **Endurskoðun** á lögnum miðast við árið 2001 og má þá búast við að horft verði til markmiðssetninga í frumvarpinu og þá sérstaklega ákvæða 14. gr. þess.

III. Áhrif á réttindi félagsmanna Bandalags háskólamanna

Áhrif frumvarps þessa á réttindi félagsmanna bandalagsins eru nokkuð misjöfn. Áhrifin eru einkum þessi:

- Réttindi félagsmanna sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR), A- eða B-deild skv. lögum nr. 1/1997, og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga skv. lögum nr. 2/1997 breytast ekki við gildistöku laganna. Hins vegar verður að breyta samþykktum A-deildar LSR sjóðsins fyrir 1.5.1999 með hliðsjón af ákvæðum 14. gr. frumvarpsins um rétttaka til hlutdeildar í lífeyrisrétti sjóðfélaga.
- Réttindi félagsmanna sem eru í lífeyrissjóðum sveitarfélaganna breytast mun meira, þar sem þessum sjóðum verður lokað fyrir nýjum sjóðfélögum en lífeyrissjóðunum verður leyft að starfa áfram óbreytt vegna núverandi sjóðfélaga, sbr. B-deild LSR. Vegna skilyrðis um a.m.k. 800 greiðandi sjóðfélaga í nýjum lífeyrissjóði geta sveitarfélögin ekki hvert um sig stofnað nýjan lífeyrissjóð og stendur þá valið e.t.v. fyrst og fremst á milli sameiginlegs lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga eða sameiginlegrar A-deildar allra opinberra starfsmanna í A-deild LSR.
- Réttindi félagsmanna sem eru í öðrum lífeyrissjóðum, einkum í Lífeyrissjóði verslunarmanna og Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, munu ekki breytast neitt strax en hliðstæðar breytingar eru í vændum vegna 14. gr. frumvarpsins og í A-deild LSR.
- Réttindi félagsmanna vegna áunninna réttinda í Lífeyrissjóði ráðherra og Lífeyrissjóði alþingismanna munu breytast mikið þegar litið er til framtíðar, þar sem þessum lífeyrissjóðum verður væntanlega lokað fyrir nýjum sjóðfélögum og stofnað nýtt fyrirkomulag á grundvelli frumvarpsins.

IV. Afstaða Bandalags háskólamanna

Frumvarp þetta er niðurstaða af flóknu samningaferli milli allra helstu hagsmunaaðila og tiltölulega litlar breytingar á því gætu raskað forsendum þess samkomulags.

Bandalag háskólamanna mælir þess vegna með samþykkt frumvarps þessa í óbreyttri mynd.

Reykjavík, 26. nóvember 1997

Martha Ásdís Hjálmarsdóttir

Martha Ásdís Hjálmarsdóttir,
formaður